

L Ö G**um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 31. janúar 1976.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita sáttu milli aðila allt til 25. janúar 1976.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G**um breyting á lögum nr. 41 frá 28. apríl 1967, um bátaábyrgðarfélög.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist svo:

Orðin „allt að 100 rúmlestum brúttó að stærð“ falli burt, en í þeirra stað komi orðin: 100,49 rúmlestir brúttó að stærð eða minni.

Aftan við 3. mgr. 2. gr. bætast við orðin:

—, og samkvæmt þeim skilmálum sem hún setur.

2. gr.

3. gr. breytist svo:

Orðin „Samfleytt um tveggja ára skeið“ falli burt, en í þeirra stað komi orðin: í eitt ár.